



## Að tilheyra í skólanum: Áhrifaþættir á upplifun grunnskólanema

**Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og  
Hermína Gunnþórsdóttir**

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Stór áhrifaþáttur á farsæld nemenda er að þeir upplifi og finni að þeir tilheyri skólasamfélaginu og að þeim sé tekið eins og þeir eru af nemendum og kennurum. Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á hvernig félagslegir þættir líkt og kyn nemenda, fjárhagsstaða og erlendur uppruni móta upplifun þeirra af að tilheyra eða tilheyra ekki í skólasamfélaginu. Einnig að kanna hvort áhættuhegðun, samskipti við foreldra og sjálfsmynd hafi áhrif á hvernig félagslegir þættir móta upplifun af að tilheyra. Byggt er á gögnum úr rannsókninni Heilsa og lífskjör skólabarna (HBSC). Rafræn spurningakönnun var lögð fyrir nemendur veturinn 2017–2018 í 6., 8. og 10. bekk. Niðurstöður sýna að almennt séð upplifa nemendur íslenskra grunnskóla að þeir tilheyri í skólaumhverfinu og aðeins litlum hópi finnst hann ekki tilheyra. Að búa við slæma fjárhagsstöðu og að skilgreina sig utan hefðbundinnar kyntvíhyggju hefur mest áhrif á að nemendur telji sig síður tilheyra skólasamfélaginu. Ekki mældist marktækur munur almennt séð á milli drengja og stúlkna. Slæm fjárhagsstaða hafði mest áhrif á samsömun kynsegin nemenda og stúlkna við skólasamfélagið, en drengir urðu síður fyrir áhrifum slæmrar fjárhagsstöðu. Þá hafði áhættuhegðun mun sterkari tengsl við tilfinningu drengja að tilheyra fremur en stúlkna, en slök sjálfsmynd stúlkna var frekar tengd upplifun þeirra af því tilheyra ekki. Sterk samvirkni var á milli þess að eiga báða foreldra fædda erlendis og að búa við slæman fjárhag. Öflug sjálfsmynd hafði jákvæð áhrif á samsömun nemenda sem bjuggu við slæma fjárhagsstöðu. Niðurstöður gefa til kynna að grípa þurfi til aðgerða til að tryggja aðild allra að skólasamfélaginu og horfa sérstaklega til jaðarsettra nemenda.

**Efnisorð:** Að tilheyra, upplifun grunnskólanemenda, skólasamfélag, menntun án aðgreiningar, félagsleg samsömun

### Inngangur

Það að upplifa að jafnaldrar taki manni eins og maður er, er hluti af að finna til félagslegrar samkenndar og finnast maður tilheyra. Þörfin fyrir að tilheyra er manneskjunni eðlislæg og það skiptir máli að hver einstaklingur eigi aðild að námssamfélaginu, sé gerandi í eigin lífi (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2016). Damon (2008) hefur bent á að ein helsta áskorun nútímasamfélags sé sú að ungmenni upplifi ekki tilgang með athöfnum sínum, ekki síst innan menntakerfisins. Ef rétt reynist þá er þetta verulega umhugsunarvert því það skiptir okkur öll miklu máli að hafa hlutverk, „... vera kallaður til ákveðinna verka, vera hugsanlega eins og ómissandi við ákveðnar aðstæður“ (Páll Skúlason, 2015, bls. 95). Íslensk menntastefna hefur um árabíl tekið mið af formerkjum skóla án aðgreiningar (lög um grunnskóla nr. 91/2008) og fyrsta meginstoð nýrrar menntastefnu til 2030 er jöfn tækifæri fyrir alla, sem meðal annars felur í sér að allir nemendur finni sig í menntakerfinu (Þingskjal nr. 1111/2020–2021). Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á hvernig þrjár mikilvægar

félagslegar breytur; kyn, uppruni og fjárhagsstaða grunnskólanema, tengjast upplifun þeirra að tilheyra eða tilheyra ekki skólasamfélaginu.

Í þessari grein var einkum horft til rannsókna þar sem fjallað var um enska hugtakið „belonging“. Sögnin „að tilheyra“ og nafnorðið „samsömun“ er hér notað yfir enska hugtakið „belonging“. Vert er að nefna að hugtakið fullgildi hefur einnig verið notað í þessu samhengi (Jóhanna Einarsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir, 2020). Á síðari hluta 20. aldar jókst vitund um mikilvægi félagslegrar stöðu og tengslanets nemenda við gengi þeirra í skóla. Goodenow og Grady (1993) skilgreindu „school belonging“ sem þá upplifun nemenda að vera „... persónulega samþykkt, virt, viðurkennd og studd af öðrum innan skólans“v . Rannsókn þeirra sýndi að bæði uppruni og kyn mótuðu upplifun nemenda af að tilheyra og hafði meðal annars áhrif á námshvata og mat þeirra á eigin getu.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum og hröðum breytingum frá aldamótum hvað varðar fjölda nemenda í skólakerfinu sem eru með annan mál- og menningarlegan bakgrunn en íslenskan. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (e.d.-a) hefur hlutfall innflytjenda á Íslandi aukist frá því að vera 2,6% árið 2000 í 15% árið 2020. Breytt samsetning og bakgrunnur íbúa landsins hefur í för með sér áskorun um að virða hvers konar fjölbreytileika og greiða aðgengi allra að samfélaginu (Banks, 2020). Þá hafa vísbendingar um ólíka stöðu kynjanna innan menntakerfisins kallað á miklar umræður. Á Íslandi eru stúlkur mun líklegri til að meta andlega heilsu sína verr en drengir (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2016) en engu að síður virðist drengjum líða verr innan skólans (Áslaug Pálsdóttir o.fl., 2012). Námsleg staða stúlkna er alla jafna sterkari en drengja (OECD, 2019) og mun fleiri konur sækja sér framhaldsmenntun en karlar (Hagstofa Íslands, e.d.-b). PISA-könnunin er alþjóðleg sam- anburðarkönnun og beinist að námslegum árangri grunnskólanema, en einnig að skólabrag. Meðal annars er spurt um hve vel/illa svarendur telji sig tilheyra skólasamfélaginu. Í síðustu könnun kom í ljós að í 30 löndum voru drengir líklegri til að upplifa að þeir tilheyrðu innan skólans, en í 23 löndum voru stúlkur líklegri til að upplifa að þær tilheyrðu skólasamfélaginu en drengir (OECD, 2019).

Uppruni nemenda og kyn geta því mótað verulega tengslamyndun og líðan nemenda, en sama á við um fjárhagsstöðu foreldra. Niðurstöður PISA-könnunar sýna að þeir nemendur sem búa við skertan fjárhag eru líklegri en jafnaldrar þeirra til að finnast þeir síður tilheyra innan skólans (OECD, 2019). Fátækt og misskipting hefur aukist á Íslandi og nýleg skýrsla sýnir að fátækt barna hefur aukist verulega frá hruninu árið 2008 (Kolbeinn H. Stefánsson, 2019). Því er mikilvægt að kanna nánar hvaða áhrif bág fjárhagsstaða hefur á samsömun nemenda innan íslenskra grunnskóla.

Árið 2021 samþykktu stjórnvöld svokölluð farsældarlög en markmið þeirra er meðal annars að íslenskt samfélag vinni skipulega að því að tryggja öllum börnum skilyrði „... til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar“ (lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Kerfisbundinn munur á milli hópa getur skipt máli til lengri tíma lítið hvað varðar jöfn tækifæri, lífskjör á fullorðinsárum og mannaúð fyrir samfélagið almennt. Hér á landi eru lífskjör almennt góð, en þó eru vísbendingar um aukinn ójöfnuð. Nýleg skýrsla um félagstengsl íslenskra ungmenna sýndi að um þrjú prósent þeirra upplifi lítil tengsl við nærsamfélag sitt og séu verulega illa stödd hvað varðar félagslega stöðu, líðan og framtíðarhorfur (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2020). Því er rík ástæða til að huga sérstaklega að jaðarhópum í skólakerfinu. Upplifun nemenda af að tilheyra gefur mikilvægar vísbendingar um stöðu þeirra innan skólasamfélagsins og endurspeglar ef til vill hvort ungmenni telji sig hafa tilgang innan þess og að þau skipti máli, bæði fyrir samnemendur og starfsfólk skólans.

Í PISA-könnuninni árið 2018 hlaut Ísland þann vafasama heiður að lenda í þriðja sæti (á eftir Lúxemborg og Suður-Kóreu) þar sem ungmenni sem búa við félagslega skerta stöðu, svo sem innflytjendur og börn sem búa við fátækt, voru mun líklegri en jafnaldrar þeirra til að finnast þau ekki tilheyra skólasamfélaginu (OECD, 2019). Mikilvægt er því að beina sjónum að hvað einkennir stöðuna á Íslandi sérstaklega, þar sem að félags- og menningarlegir þættir móta reynslu og upplifun nemenda.

Framlag þessarar greinar er að varpa skýrara ljósi, en áður hefur verið gert, á hvað einkennir stöðuna á Íslandi og að meta hvernig kyn og uppruni nemenda sem og mat þeirra á fjárhagsstöðu tengjast upp-

lifun þeirra af að tilheyra skólaumhverfinu. Þá var einnig kannað hvort áhættuhegðun, samskipti við foreldra og sjálfsmynd skýri að einhverju leyti hvernig félagslegir þættir móti upplifun af að tilheyra. Með þessu fæst skýrari mynd af ástæðum þess að nemendur upplifi sig utangarðs í skólasamfélaginu. Þær upplýsingar skipta miklu máli til að hægt sé að móta vinnulag og inngrip innan skólanna sem henta ólíkum hópum og einstaklingum. Leitað var svara við eftirfarandi meginrannsóknarspurningu:

- Hvernig móta kyn, uppruni nemenda og mat þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar upplifun þeirra af að tilheyra í skólasamfélaginu?
  - *Undirspurning:* Hvaða áhrif hafa áhættuhegðun, samskipti við foreldra og sjálfsmynd nemenda á tengsl félagslegra þátta, s.s. kyns, uppruna og fjárhagsstöðu, við upplifun þeirra af að tilheyra?

## Staða þekkingar

Rannsóknir sem hverfast um „belonging“ benda til þess að nemendum, sem hafa sterka tilfinningu fyrir að þeir tilheyri skólasamfélaginu, gangi alla jafna betur námslega og hafi sterkari stöðu en þeir sem upplifa sig jaðarsetta, til dæmis varðandi áhuga á skólanum, sjálfsmynd, hegðun í bekknum og námsárangur en neikvæð upplifun tengist til dæmis brotthvarfi úr skóla (Christenson og Reschly, 2010; Korpershoek o.fl., 2020; OECD, 2019). Þeir nemendur sem upplifa síður að þeir tilheyri hópum eða samfélagi eru í meiri hættu á verða fyrir neikvæðum félagslegum áhrifum, eru líklegri til að hafa lágt sjálfsmat og þjást af kvíða og þunglyndi (Allen o.fl., 2018; Gillen-O’Neel og Fuligni, 2013).

Félagsleg samsömun og tengsl við samnemendur og kennara geta mótað hugmyndir nemenda um hvað þeir telja sig geta gert og hvaða árangri þeir munu ná í menntakerfinu. Íslenskar rannsóknir á námsárangri, líðan og brotthvarfi hafa vel flestar fjallað um áhrifaþætti á borð við námslega og félagslega skuldbindingu nemenda, tengsl þeirra við foreldra sína og félagslega stöðu þeirra almennt (Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018). Alþjóðlega efnahags- og framfarastofnunin hefur einnig sýnt fram á að það eru jákvæð tengsl á milli þess að nemendur upplifi sig tilheyra innan skólans og árangurs í læsi (OECD, 2019). Því er ljóst að það getur skipt miklu máli að vinna gegn því að nemendur upplifi sig jaðarsetta til að stuðla að jafnrétti og efla velferð þeirra og námsgengi.

Bæði íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að nemendum af erlendum uppruna er hætt við að verða jaðarsettir í skóla og samfélagi (Borraccino o.fl., 2020; Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016; Nieto, 2010). Í nýlegri rannsókn (Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir, 2021) voru tekin viðtöl við ungmenni af erlendum uppruna og raudur þráður í niðurstöðunum var einlægur vilji nemendanna til að verða hluti af því samfélagi sem þeir tilheyra, þar sem þeim líður vel og þeir sjá framtíð sína. Þeir upplifa hins vegar margar hindranir, bæði félagslegar og námslegar, og vísbendingar eru um að sá stuðningur sem þau fá frá skólanum gagnist þeim illa við að mynda félagsleg tengsl. Margt í niðurstöðunum bendir til að nemendurnir séu í aukinni áhættu á að upplifa einangrun (e. marginality) eða jafnvel aðskilnað (e. separation) frá samfélaginu.

Slæm efnahagsleg staða fjölskyldu og fátækt getur einnig haft umtalsverð áhrif á menntun og námsgengi barna. Niðurstöður PISA-könnunar sýna að þeir nemendur sem búa við skertan fjárhag eru líklegri en jafnaldrar þeirra til að finnast þeir síður tilheyra innan skólans (OECD, 2019). Nýleg íslensk rannsókn leiddi í ljós að þeir grunnskólanemar sem búa við skertan fjárhag upplifa mun frekar andlega og líkamlega vanlíðan (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2019) og önnur íslensk langtímarannsókn sýndi fram á að slæmur fjárhagur fjölskyldu er einn af þeim þáttum sem geta haft áhrif á námsgengi barna (Laufey Dís Ragnarsdóttir o.fl., 2017). Niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að börn frá tekjulágum heimilum séu líklegri til að búa við verri heilsu en önnur börn, bæði í barnæsku og á fullorðinsárum (Elgar o.fl., 2015) og að upplifa kvíða (Pryor o.fl., 2019). Þá er vert að hafa í huga að börn einstæðra foreldra eru í verulega aukinni hættu á að búa við fátækt (Kolbeinn H. Stefánsson, 2019).

Kyn og kynvitund nemenda mótar einnig reynslu og sjálfsmynd þeirra en ungmenni sem finnst þau tilheyra líffræðilegu kyni hafa sterkari sjálfsmynd og búa við traustari félagslega stöðu en ungmenni sem finnst þau tilheyra öðru kyni en líffræðilegt kyn þeirra segir til um (Perry o.fl., 2019). Sama á við um íslensk ungmenni sem skilgreina sig kynsegin, en samkvæmt könnun Landlækniseimbættisins eru þau ungmenni mun líklegri en jafnaldrar þeirra til að tengjast skólasamfélaginu síður, og um helmingur þeirra taldi sig eiga í slökum tengslum við vini (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2020).

Margir fleiri félagslegir þættir móta upplifun, líðan og stöðu barna og ungmenna og tengsl þeirra við nærumhverfið. Rannsóknir sýna til að mynda að stuðningur foreldra og viðhorf þeirra til skóla-starfsins geta haft umtalsverð áhrif á upplifun nemenda og tengsl þeirra við skólasamfélagið (Epstein, 2011). Íslensk rannsókn á námsgengi og skuldbindingu ungmenna sýnir að samband foreldra og ungmenna getur mótað fjölþætta skuldbindingu nemenda og samsömun þeirra gagnvart skóla og námi (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009, 2014). Þá eru vísbendingar um að samskipti við foreldra hafi sterkari tengsl við líðan ungmenna en tengsl við jafnaldrar og styðji þannig við að ungmenni tengist nærumhverfi sínu vel (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2020; Uslu og Gizir, 2017).

Að sama skapi hefur góð og sterk sjálfsmynd jákvæð tengsl við félagslega stöðu ungmenna og það hve mikið þau telji sig tilheyra skólasamfélaginu (Allen o.fl., 2017). Breyttir lífshættir ungmenna í samfélaginu, svo sem minni hreyfing, meiri skjátími og aukin notkun samfélagsmiðla, getur haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd og líðan þeirra. Yfirlitsrannsókn Allens o.fl. sýndi að meirihluti rannsóknna á „belonging“ innan skóla bendi til þess að hæfni ungmenna til samskipta og tengslamyndunar hafi mikið að segja um hve slök eða sterk tengsl þau upplifi við samnemendur og kennara (Allen o.fl., 2017).

Rannsóknir hafa staðfest að áhættuhegðun ungmenna, svo sem regluleg áfengis- og fíkniefnaneysla, er einn af þeim áhrifaþáttum sem geta mótað upplifun þeirra af að tilheyra. Fjölbjóðleg samanburðarrannsókn sýnir að íslensk ungmenni drekka minna, reykja minna og neyta síður vímuefna en ungmenni annarra Evrópulanda en að vaxandi munur er á áfengisneyslu þeirra sem búa við slæman fjárhag og jafnaldrar þeirra (Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2020). Þannig virðist forvarnarstarf undanfarinna áratuga síður ná til þeirra sem standa höllum fæti fjárhagslega.

Nýleg íslensk rannsókn sýnir að almennt líður unglingum í 10. bekk vel í skólanum sínum og að meirihluti nemenda telur að kennarinn taki þeim eins og þeir eru (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2019). Engu að síður verður ekki horft fram hjá því að fámennur en mikilvægur hópur ungmenna á erfitt uppdráttar innan íslenskra grunnskóla og finnur ekki til samsömunar við samnemendur og kennara. Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á hvernig kyn, uppruni og fjárhagsstaða móta upplifun grunnskólanemenda á Íslandi að tilheyra eða tilheyra ekki í skólaumhverfinu. Ennfremur að skoða hvort samskipti við foreldra, sjálfsmynd og áhættuhegðun skýri að einhverju leyti samband þessara þriggja félagslegu þátta við upplifun nemenda af að tilheyra.

## Aðferð

### Gögn

Rannsókn þessi byggir á gögnum úr fjölbjóðlegu rannsókninni *Heilsa og lífskjör skólabarna* (Health Behaviour in School-Aged-Children, HBSC) sem er lögð fyrir í samstarfi við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO). Rannsóknin hófst veturinn 2001–2002 og er lögð fyrir fjórða hvert ár í 50 löndum í Evrópu og Norður-Ameríku (HBSC, e.d.). Ísland hefur tekið þátt í henni frá 2006.

### Framkvæmd

Gögnin sem hér er byggt á eru úr rafrænni fyrirlögn sem fór fram veturinn 2017–18. Gagnasöfnun HBSC nær til þriggja árganga, nemenda í 6., 8. og 10. bekk. Óskað var eftir því við skólustjóra allra

skóla á Íslandi sem voru með börn í framangreindum árgöngum að nemendur þeirra tækju þátt. Foreldrar og forráðamenn fengu send heim kynningarbréf og gátu óskað eftir því að börn þeirra tækju ekki þátt. Svör fengust frá 7.159 nemendum eða um 54% af heildarfjölda þessara árganga. Nemendur svöruðu könnuninni í tölvu á skólatíma og fengu upplýsingar um að þeim væri frjálst að sleppa því að svara einstaka spurningum eða spurningalistanum í heild. Öll gögn voru ópersónugreinanleg og nöfn þátttakenda komu hvergi fram. Rannsóknaráætlun var send til Persónuverndar og til vísindasiðanefndar Háskóla Íslands og ekki voru gerðar athugasemdir við rannsóknina. Í þessari grein er unnið með afmarkaðar spurningar sem tengjast viðfangsefninu að tilheyra í skólanum.

## Mælitæki

Gögnin voru greind með aðferð minnstu fervika (e. ordinary least squares). Svarbreyta þessarar rannsóknar er samsettur kvarði sem samanstendur af sex fullyrðingum sem þátttakendur í rannsókninni tóku afstöðu til og mæla mismunandi hliðar þess að upplifa að tilheyra í skóla:

1. Bekkjarfélögunum finnst gaman að vera saman.
2. Flestir bekkjarfélaganna eru vinsamlegir.
3. Bekkjarfélagarnir taka mér eins og ég er.
4. Kennararnir taka mér eins og ég er.
5. Mér finnst kennurunum vera annt um mig sem einstakling.
6. Ég treysti kennurunum mínum mjög vel.

Svarkostirnir voru fimm: 1) Mjög sammála, 2) Sammála, 3) Hvorki sammála né ósammála, 4) Ósammála, og 5) Mjög ósammála. Þáttgreining benti til þess að saman endurspegluðu þessar mælingar einn undirliggjandi þátt með eigingildi 2,98, sem túlka má sem upplifun nemenda á hvort og hve mikið þeir tilheyra í skólanum. Breyturnar voru sameinaðar í einn kvarða með því að leggja þær saman. Gildi kvarðans spanna frá 1 til 25. Áreiðanleiki kvarðans verður að teljast mjög góður (Cronbach's alpha=0,848). Sams konar kvarði hefur áður verið notaður af Borraccino o.fl. (2020).

Skýringarbreyturnar í þessari rannsókn voru þrjár; kyn, uppruni og fjárhagur fjölskyldunnar.

*Kyn* byggir á sjálfsskilgreiningum svarenda sem var boðið að skilgreina sig sem strákur, stelpu eða annað. Svarkostinum „annað“ er ætlað að fanga kynsegin einstaklinga, það er einstaklinga sem skilgreina sig utan hefðbundinnar kynjatlíngu. Ætla má að hópurinn sem merkti við „annað“ sé nokkuð fjölbreyttur og er hugsanlegt að ekki allir einstaklingar sem völdu svarkostinn séu endilega kynsegin. Þetta þarf að hafa í huga við túlkun niðurstaðna, en þó er mikilvægt að birta upplýsingar um nemendur sem skilgreina sig ekki innan kynjatlíngu. Alls voru 3.530 drengir í gögnunum, 3.498 stúlkur og 118 einstaklingar sem völdu annað.

*Uppruni* var skilgreindur í þrjá flokka út frá fæðingarlandi foreldra, það er hvort báðir foreldrar hafi fæðst á Íslandi, annað foreldrið fæðst erlendis eða báðir foreldrar fæðst erlendis. Alls áttu 5.483 einstaklingar foreldra sem fæddust báðir á Íslandi, 998 áttu annað foreldri fætt erlendis og 318 áttu báða foreldra fædda erlendis.

*Fjárhagur* fjölskyldunnar byggði á mati barnanna sjálfra. Þátttakendur í rannsókninni voru spurðir „Hversu gott telur þú fjölskyldu þína hafa það fjárhagslega?“ Svarkostirnir voru fimm, frá „Mjög gott“ yfir í „Mjög slæmt“. Þar sem mjög fáir einstaklingar svöruðu „mjög slæmt“ felldum við saman svarkostina „slæmt“ og „mjög slæmt“. Ljóst er að þetta er ekki sérlega nákvæm mæling á fjárhag fjölskyldna barna enda margt sem getur skekkt mat svarenda, eins og efnahagur annarra fjölskyldna í skólahverfinu og viðleitni tekjulágra foreldra til að hlífa börnum sínum við afleiðingum fátæktar (Jón Gunnar Bernburg o.fl., 2009; Main og Bradshaw, 2016). Engu að síður benda erlendar rannsóknir til þess að börn á fátækum heimilum hafi nokkuð skýra mynd af fjárhag fjölskyldunnar jafnvel þó foreldrar reyni að hlífa þeim við afleiðingum fátæktarinnar og leggi sig jafnvel fram um að fela þarfir sínar og langanir til að draga úr álagi á foreldra sína (Ridge, 2002, 2009, 2011). Þannig má

ætla að þrátt fyrir að mat barna á fjárhag fjölskyldu sinnar sé ekki hlutlæg mæling gefi hún ágæta vísbendingu um fjárhaginn.

## Tölfræði

Tölfræðileg úrvinnsla var unnin með Stata til að greina lýsandi tölfræði. Þá voru gerðar fjórar aðhvarfsgreiningar til að varpa ljósi á tengsl skýringarbreyta og upplifun svarenda að tilheyra í skólanum. Í fyrstu greiningu voru eingöngu skýringarbreyturnar notaðar og í annarri greiningu var samvirkni milli þeirra skoðuð. Auk þess að skoða samband breytanna við þá upplifun að tilheyra í skólaumhverfinu var samvirkni breytanna greind en ætla má að áhrif kyns, tekna og uppruna séu að nokkru leyti háð hvert öðru, það er annaðhvort sterkari eða veikari fyrir suma hópa en aðra.

Í þriðju, fjórðu og fimmtu greiningu var stýrt fyrir þremur þáttum í lífi svarenda sem tengjast svarbreytunni og í einhverjum tilfellum skýringarbreytunum, en þetta voru *tengsl við foreldra, áhættuhegðun og sjálfsmynd*. Markmiðið var ekki að meta áhrif stýribreytanna sem slíkra heldur áhrifin sem þær hafa á samband skýringarbreytanna og þeirrar upplifunar að tilheyra í skólaumhverfinu og draga þannig fram hvaða öðrum áskorunum þau sambönd tengjast.

Í hverri greiningu var stýrt fyrir tilteknu atriði. Í þeirri fyrstu var stýrt fyrir mati nemenda á hve góð eða slök tengsl þeirra við foreldra eru. Mælingin hefur þrjú svarkosti: 1) slök, 2) góð og 3) mjög góð. Við notum þá síðustu sem viðmiðunarhóp. Í annarri greiningunni er stýrt fyrir ýmiss konar áhættuhegðun, það er hvort þátttakendur hafi einhvern tímann reykt, drukkíð áfengi eða slegist. Allar þessar breytur eru tvíkösta og taka gildið 1 ef viðkomandi hefur einhvern tíma gert eitthvað af ofangreindu. Í síðustu greiningunni er stýrt fyrir sjálfsmynd viðkomandi. Sjálfsmynd er mæld með tveimur mælingum, það er „Mér líkar vel við sjálfa(n) mig“ og „Ég er nógu góð(ur) eins og ég er“. Svarkostirnir við báðar spurningar eru á fimm punkta kvarða, frá 1) Mjög sammála og yfir í 5) Mjög ósammála. Við sameinuðum mælingarnar í eina níu punkta mælingu. Áreiðanleiki þessarar samsettu mælingar var mjög hár (Cronbach's alpha=0,915).

## Niðurstöður

Alls svöruðu 7.159 nemendum og var svarhlutfall um 54% af heildarþýði þessara árganga. *Tafla 1* sýnir hvernig svarbreytan sem mælir upplifun á að tilheyra í skólaumhverfi er samsett og dreifingu svarenda samkvæmt henni. Stærstur hluti þátttakenda (44,5%) er með gildi á bilinu 16 til 20, sem samsvarar svarkostinum „Sammála“ á hverri spurningu sem svarbreytan er samsett úr. Næst hæsta hlutfallið er með gildi á bilinu 21 til 25, eða 37,9%, sem samsvarar „Mjög sammála“ á hverri spurningu sem svarbreytan er samsett úr. Það má því segja að meirihluti svarenda, eða 82,4% finnist þau tilheyra í skólaumhverfinu.

**Tafla 1.** Dreifing samsettrar mælingar á að tilheyra í skóla og stökum mælingum hennar.

	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála
Bekkjarfélögum finnst gaman að vera saman	27,1%	47,3%	19,0%	4,5%	2,1%
<i>Staðalvilla</i>	0,529	0,595	0,468	0,247	0,172
Flestir bekkjarfélaganna eru vingjarnlegir	25,8%	50,9%	16,5%	5,1%	1,8%
<i>Staðalvilla</i>	0,528	0,598	0,444	0,263	0,157
Bekkjarfélagarnir taka mér eins og ég er	33,5%	44,4%	14,8%	4,9%	2,4%
<i>Staðalvilla</i>	0,566	0,595	0,426	0,259	0,183
Kennararnir taka mér eins og ég er	46,1%	39,2%	9,7%	3,0%	1,9%
<i>Staðalvilla</i>	0,595	0,582	0,354	0,205	0,161
Kennurunum er annt um mig sem einstakling	28,7%	41,8%	20,7%	6,3%	2,5%
<i>Staðalvilla</i>	0,544	0,593	0,487	0,292	0,187
Ég treysti kennurunum mínum mjög vel	34,3%	36,7%	18,2%	7,4%	3,4%
<i>Staðalvilla</i>	0,568	0,577	0,462	0,313	0,215
Gildi kvarða	21–25	16–20	11–15	6–10	1–5
Hlutföll	37,9%	44,5%	13,6%	2,9%	1,1%
<i>Staðalvilla</i>	0,588	0,603	0,416	0,205	0,125

Hvað varðar stakar fullyrðingar í *Töflu 1*, þá er mikill meirihluti nemenda sammála eða mjög sammála (85,4%) því að kennarar þeirra taki þeim eins og þeir eru og það sama á við ef aðeins er horft til þeirra sem sögðust mjög sammála (46,1%). Fullyrðingar sem lúta að upplifun á viðmóti kennara hafa hins vegar lægsta hlutfall þeirra sem eru sammála eða mjög sammála og fullyrðingin „Ég treysti kennurunum mínum mjög vel“ mælist með hæsta hlutfall þeirra sem eru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni. Þó er vert að hafa í huga að 71% nemenda er sammála eða mjög sammála því að þeir geti treyst kennaranum sínum mjög vel.

Hvað varðar þær mælingar sem lúta að upplifun á viðmóti samnemenda er dreifingin mjög svipuð – til að mynda eru hlutföllin sem eru sammála eða mjög sammála fullyrðingunum á bilinu 74,4% til 77,9% – en mælingin „Bekkjarfélagarnir taka mér eins og ég er“ sker sig þó að nokkru leyti úr þar sem hærri hlutfall nemenda er „mjög sammála“ þeirri fullyrðingu en hinum fullyrðingunum tveimur sem fanga upplifun á viðmóti nemenda.

Tafla 2 sýnir meðaltöl samsettu mælingarinnar á þeirri upplifun að tilheyra í skólaumhverfinu fyrir mismunandi gildi skýringarbreytanna þriggja. Munurinn á drengjum og stúlkum er hverfandi og langt frá því að vera tölfræðilega marktækur. Aftur á móti virðist nemendum, sem svöruðu „annað“ um kyn sitt, ekki finnast þeir tilheyra jafn vel í skólaumhverfinu og þeir nemendur sem skilgreindu sig annaðhvort stúlku eða dreng.

**Tafla 2.** Meðalgildi samsettrar mælingar á upplifun á að tilheyra í skóla eftir gildi á skýringar-breytum.

	Meðaltal	Staðalvilla	95% vikmörk		n
			Neðri mörk	Efri mörk	
Alls	23,9	0,052	23,8	24,0	6803
<i>Kyn</i>					
Drengir	24,1	0,075	23,9	24,2	3296
Stúlkur	23,9	0,070	23,8	24,1	3393
Annað	19,4	0,619	18,1	20,6	106
<i>Fjárhagur fjölskyldu</i>					
Mjög góður	24,7	0,084	24,6	24,9	2744
Góður	23,8	0,074	23,7	23,9	2692
Hvorki/né	22,9	0,124	22,6	23,1	1118
Slæmur	20,9	0,433	20,0	21,8	114
Mjög slæmur	17,4	0,954	15,4	19,3	40
<i>Erlendur bakgrunnur</i>					
Báðir foreldrar innfæddir	24,1	0,056	24,0	24,2	5587
Annað foreldri erlent	23,3	0,140	23,1	23,6	932
Báðir foreldrar erlendir	22,4	0,341	21,8	23,1	284

Skýrt samband er á milli mats barna á fjárhagsstöðu fjölskyldna þeirra og þeirrar upplifunar að tilheyra í skólanum. Meðalgildi kvarðans er hæst meðal þeirra sem meta fjárhaginn mjög góðan og lægst hjá þeim sem meta hann mjög slæman. Munurinn á milli punkta á fjárhagsmælingunni er í öllum tilfellum tölfræðilega marktækur. Það þýðir að við höfum mikla vissu fyrir að börn sem meta fjárhag heimila sinna sem mjög góðan upplifa sterkar að þau tilheyri í skólanum en börn sem meta fjárhag heimila sinna sem góðan, sem aftur upplifa sterkar að tilheyra en börn sem meta fjárhag heimila sinna hvorki góðan né slæman og svo koll af kolli. Almenn er munurinn á milli tekjuhópa nokkuð svipaður, um eitt stig á 25 punkta kvarða. Börn sem meta fjárhag heimila sinna sem mjög slæman skera sig þó úr, munurinn á þeim og næsta tekjuhópi fyrir ofan þau er 3,5 stig, sem bendir til þess að það sé eitthvað í aðstæðum þessara nemenda sem veldur því að þau upplifa mun síður en aðrir að tilheyra í skólanum.

Nemendum sem eiga annað eða bæði foreldri erlent virðist síður finnast þeir tilheyra í skólanum en nemendum hverra foreldrar eru hvorugt með erlendan bakgrunn. Raunar virðist nemendum sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna síður finnast þeir tilheyra en þeim sem áttu aðeins annað foreldri af erlendum uppruna en munurinn á mælingu hópanna var þó ekki tölfræðilega marktækur. Við getum þó sagt með vissu að nemendur með erlendan bakgrunn virðast upplifa síður að þeir tilheyri í skólaumhverfinu en nemendur sem ekki hafa erlendan bakgrunn.

Það er samband á milli ofangreindra greiningarbreyta þannig að hluti af „áhrifum“ þeirra inniheldur áhrif frá hinum breytunum. Sem dæmi má nefna að börn sem eiga báða foreldra erlenda eru öðrum líklegri til að búa við bágan fjárhag. Hluti af sambandinu á milli fjárhags og samsömunar inniheldur þannig áhrif uppruna og hluti af sambandinu á milli uppruna og samsömunar inniheldur áhrif mis-munandi fjárhagsstöðu þeirra. *Tafla 3* sýnir niðurstöður úr aðhvarfsgreiningum 1 og 2.



**Tafla 3.** Stuðlar úr aðhvarfsgreiningum (OLS). Kyn, erlendur bakgrunnur og fjárhagur fjölskyldu, með og án samvirkniáhrifa.

	Greining 1	Greining 2
<b>Kyn</b>		
Drengir	-	-
Stúlkur	-0,17(0,10)	0,03(0,17)
Annað	-3,44(0,44)**	-4,25(0,90)**
<b>Erlendur bakgrunnur</b>		
Báðir foreldrar íslenskir	-	-
Annað foreldri erlent	-0,62(0,15)**	-0,74(0,31)*
Báðir foreldrar erlendir	-1,04(0,27)**	-0,23(0,54)
<b>Fjárhagur fjölskyldu</b>		
Mjög góður	-	-
Góður	-0,94(0,12)**	-0,96(0,17)**
Hvorki né	-1,82(0,15)**	-1,74(0,22)**
Slæmur	-4,29(0,35)**	-4,38(0,59)**
<b>Samvirkni: Kyn*erlendur bakgrunnur</b>		
Stúlkur*annað foreldri fætt erlendis		-0,40(0,31)
Stúlkur*báðir foreldrar fæddir erlendis		-1,26(0,56)*
Annað*annað foreldri fætt erlendis		2,55(1,17)*
Annað*báðir foreldrar fæddir erlendis		-2,91(1,32)*
<b>Samvirkni: Kyn*fjárhagur fjölskyldu</b>		
Stúlkur*góður		-0,12(0,23)
Stúlkur*hvorki né		-0,28(0,30)
Stúlkur*slæmur		0,259(0,73)
Annað*góður		1,73(1,13)
Annað*hvorki né		0,13(1,19)
Annað*slæmur		4,89(1,83)*
<b>Samvirkni: Erlendur bakgrunnur*fjárhagur fjölskyldu</b>		
Annað foreldri erlent*góður		0,34(0,35)
Annað foreldri erlent*hvorki/né		0,46(0,43)
Annað foreldri erlent*slæmur		0,98(0,90)
Báðir foreldrar erlendir*góður		0,42(0,63)
Báðir foreldrar erlendir*hvorki/né		0,14(0,75)
Báðir foreldrar erlendir*slæmur		-3,54(1,47)*
Fasti	20,1(0,10)**	20,0(0,12)**
N	6260	6261
DF	7	23
R2	0,062	0,68
Staðalvillur innan sviga aftan við stuðla		

\*P<0,05; \*\*P<0,001

Tafla 3 sýnir niðurstöður úr tveimur aðhvarfsgreiningum. Sú fyrri (greining 1) sýnir niðurstöðuna þegar við notum einungis skýringarbreyturnar í greininguna. Drengir eru viðmiðunarhópurinn fyrir kyn og stuðlarnir sýna þannig áhrifin af að vera stúlka eða „annað“ í samanburði við að vera karlkyns. Munurinn á milli drengja og stúlkna hvað varðar að finnast þau tilheyrta í skólaumhverfinu er lítil og ekki tölfræðilega marktækur. Aftur á móti finnst þeim sem völdu „annað“ þau síður tilheyrta en drengir og stúlkur. Munurinn er 3,44 stig á 25 punkta kvarðanum sem mælir upplifun á að tilheyrta í skólaumhverfinu. Þannig getum við tekið dæmi um dreng, sem á báða foreldra íslenska og býr við góðan fjárhag, þá spáir líkanið að viðkomandi hafi gildið 19,2 á samsettu mælingunni en 15,7 ef viðkomandi skilgreinir sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns.

Hvað varðar erlendan bakgrunn þá er sambandið skýrt. Nemendum sem eiga annað foreldri fætt erlendis finnst þeir tilheyrta síður en þeir sem eiga báða foreldra íslenska og þeir sem eiga báða foreldra erlenda upplifa sig enn síður tilheyrta í skólanum.

Greining 1 sýnir einnig samband á milli fjárhags heimilisins og þess að finnast maður tilheyrta í skólaumhverfinu. Þau sem telja fjárhag fjölskyldu sinnar mjög slæman skera sig þó úr hvað varðar stærð áhrifa. Munurinn á þeim sem búa við góðan og mjög góðan fjárhag er um 0,9 stig á 25 punkta svarbreytunni, sem og munurinn á þeim sem búa við góðan fjárhag og þeim sem telja fjárhag fjölskyldna sinna hvorki góðan né slæman. Munurinn á milli þeirra sem meta fjárhag fjölskyldna sinna hvorki góðan né slæman og þeim sem meta hann slæman er hins vegar 2,5 stig. Þannig standa upp úr tveir þættir sem hafa mikil áhrif á það hvort nemendur upplifi að þeir tilheyri í skólanum, það er að skilgreina kyn sitt hvorki sem karlkyns né kvenkyns og að meta fjárhag fjölskyldu sinnar sem slæman.

Greining 2 sýnir samvirkniáhrif milli breyta og sýna niðurstöður að samvirkni kyns og erlends bakgrunns er umtalsverð. Þannig hefur það takmörkuð áhrif á upplifun drengja sem eiga báða foreldra fædda erlendis að tilheyrta í skólanum, það dregur nokkuð úr þeirri upplifun hjá stúlkum og enn meira hjá þeim sem skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns. Líkanið spáir því að drengur og stúlka sem búa við góðan fjárhag og eiga báða foreldra íslenska hafi gildið 19 á 25 punkta kvarðanum sem mælir þá upplifun að tilheyrta í skólaumhverfinu. Líkanið spáir því að drengur sem á báða foreldra erlenda og býr við góðan fjárhag hafi gildið 19,2. Ef stúlkurnar eiga hins vegar báða foreldra erlenda en búa við góðan fjárhag spáir líkanið þeim gildinu 13,9. Fyrir einstaklinga sem skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns, eiga báða foreldra íslenska og búa við góðan fjárhag spáir líkanið gildinu 13,8. Greiningin sýnir því að drengir og stúlkur sem eiga foreldra af erlendum uppruna og einstaklingar sem skilgreina sig sem hvorki drengi né stúlkur séu líklegri til að upplifa síður að þau tilheyri í skólaumhverfinu.

Almennt eru engin tölfræðilega marktæk samvirkniáhrif á milli þess að eiga annað foreldri fætt erlendis annars vegar og kyns eða fjárhags hins vegar. Á þessu er ein undantekning, það er á milli þess að skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns og að eiga annað foreldri fætt erlendis. Þar eru áhrifin ekki aðeins tölfræðilega marktæk heldur einnig jákvæð. Það þýðir þó ekki að þessi hópur búi við sterkari tilfinningu en aðrir um að tilheyrta í skólaumhverfinu. Áhrifin af að tilheyrta hópnum sem skilgreindi sig hvorki sem drengi né stúlkur eru eftir sem áður neikvæð og mun meiri. Þetta þýðir í raun að þau áhrif eru einfaldlega veikari fyrir þennan hóp en að þau séu eftir sem áður neikvæð. Þannig spáir líkanið til dæmis einstaklingi sem skilgreinir sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns, sem á annað foreldrið fætt erlendis og býr við fjárhag sem er hvorki góður né slæmur, gildinu 16,4 á svarbreytunni en spáir gildinu 18 ef viðkomandi skilgreinir sig sem karlkyns, en 14,9 ef viðkomandi ætti báða foreldra fædda á Íslandi en skilgreindi sig hvorki sem dreng né stúlku og fjárhagurinn væri sá sami.

Samvirknin á milli þess að skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns og bágs fjárhags er einnig tölfræðilega marktæk og jákvæð nema áhrifin eru mun sterkari en fyrir að eiga annað foreldri fætt erlendis. Það þýðir að neikvæð áhrif á þá upplifun að tilheyrta í skólasamfélaginu sem leiða af að skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns eru til staðar óháð fjárhag nema hjá þeim sem búa við slæman fjárhag. Saman eru þó áhrifin af slæmum fjárhag og því að skilgreina sig hvorki sem dreng né stúlku mun meiri en áhrifin af samvirkninni.

Að lokum er samvirknin á milli þess að eiga báða foreldra fædda erlendis og að fjölskyldan búi við slæman fjárhag umtalsvert neikvæð og tölfræðilega marktæk. Þannig spáir líkanið til dæmis drengjum sem eiga báða foreldra fædda á Íslandi og búa við slæman fjárhag gildinu 15,6 á svarbreytunni en 11,9 ef báðir foreldrar eru fæddir erlendis.

**Tafla 4.** Stuðlar úr aðhvarfsgreiningum (OLS). Stýrt fyrir samskiptum við foreldra, áhættu hegðun og sjálfsmynd.

	Greining 1	Greining 1	Greining 4	Greining 5
		Samskipti við foreldra	Áhættu hegðun	Sjálfsmynd
<b>Kyn</b>				
Drengir	-	-	-	-
Stúlkur	-0,17(0,10)	0,00(0,10)	-0,56(0,11)**	0,36(0,10)**
Annað	-3,44(0,44)**	-3,17(0,43)**	-2,80(0,43)**	-2,56(0,40)**
<b>Erlendur bakgrunnur</b>				
Báðir foreldrar íslenskir	-	-	-	-
Annað foreldri erlent	-0,62(0,15)**	-0,45(0,15)*	-0,45(0,15)*	-0,49(0,14)**
Báðir foreldrar erlendir	-1,04(0,27)**	-0,80(0,26)*	-0,56(0,27)*	-0,59(0,25)*
<b>Fjárhagur fjölskyldu</b>				
Mjög góður	-	-	-	-
Góður	-0,94(0,12)**	-0,54(0,11)**	-0,87(0,11)**	-0,34(0,11)*
Hvorki né	-1,82(0,15)**	-1,07(0,15)**	-1,58(0,15)**	-0,61(0,14)**
Slæmur	-4,29(0,35)**	-3,00(0,35)**	-3,34(0,35)**	-2,18(0,33)**
<b>Tengsl við foreldra</b>				
Slök		-2,70(0,14)**		
Góð		-1,38(0,12)**		
Mjög góð	-	-	-	-
<b>Áhættu hegðun</b>				
Hefur reykt			-1,17(0,24)**	
Hefur drukkið áfengi			-1,09(0,16)**	
Hefur slegist			-1,42(0,12)**	
Sjálfsmynd				0,93(0,03)**
<b>Sjálfsmynd</b>				
Fasti	20,1(0,10)**	20,4(0,10)**	20,7(0,11)**	12,58(0,22)**
N	6260	6260	6260	6260
DF	7	9	10	8
R2	0,062	0,116	0,107	0,225
Staðalvillur innan sviga aftan við stuðla				

\*P<0,05; \*\*P<0,001

sýnir niðurstöður úr fjórum aðhvarfsgreiningum, greiningu 1 má sjá til samanburðar. Í hinum þremur stýrum við fyrir þremur þáttum sem tengjast þeirri upplifun að tilheyrja í skóla annars vegar og skýringarbreytunum þremur hins vegar, það er samskiptum við foreldra, áhættu hegðun og sjálfsmynd. Markmiðið er að greina áhrif á samband skýringarbreyta við þá upplifun að tilheyrja innan skólaumhverfisins.

Hvað varðar fjárhag þá hefur sjálfsmynd hvað sterkust áhrif á samband fjárhags og þeirrar upplifunar að tilheyra í skólaumhverfinu. Sambandið veikist umtalsvert, nær helmingast fyrir þann hóp sem metur fjárhag fjölskyldu sinnar slæman og veikist hlutfallslega meira en það fyrir þau sem máta fjárhag fjölskyldna sinna sem góðan eða hvorki góðan né slæman. Tengsl við foreldra veikja sambandið á milli svar- og skýringabreyta líka umtalsvert en áhættuhegðun hefur fyrst og fremst áhrif á sambandið á milli þess að búa við slæman fjárhag og upplifun á að tilheyra í skóla. Fjárhagur fjölskyldu hefur eftir sem áður áhrif óháð þessum þáttum.

Þegar kemur að þeim sem áttu annað foreldrið fætt erlendis breytir litlu að stýra fyrir sambandi við foreldra, áhættuhegðun eða sjálfsmynd. Fyrir þau sem eiga báða foreldra fædda erlendis hafa þessir þættir allir umtalsverð áhrif en þó einkum áhættuhegðun og sjálfsmynd.

Myndin er ögn flóknari þegar kemur að kyni. Fyrir þau sem skilgreina sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns dregur mest úr sambandinu við að tilheyra í skóla ef við stýrum fyrir sjálfsmynd og þar á eftir kemur áhættuhegðun. Það hefur hins vegar fremur hófleg áhrif að stýra fyrir tengslum við foreldra.

Hvað varðar stúlkur þá breytir litlu að stýra fyrir tengslum við foreldra en munurinn á drengjum og stúlkum verður hins vegar tölfræðilega marktækur þegar stýrt er fyrir áhættuhegðun og sjálfsmynd. Þá kemur í ljós ákveðinn kynjamunur þar sem áhættuhegðun hefur mun meiri áhrif hjá drengjum en sjálfsmynd hefur meiri áhrif hjá stúlkum. Þegar við stýrum fyrir áhættuhegðun eru áhrifin af að vera stúlka neikvæð í samanburði við að vera drengur en hið gagnstæða á við um sjálfsmynd. Því túlkum við niðurstöðuna þannig að aukin áhættuhegðun dragi úr þeirri tilfinningu drengja að tilheyra í skólaumhverfinu á meðan neikvæð sjálfsmynd hefur sömu áhrif á stúlkur.

## Umræða

Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á hvernig kyn nemenda, fjárhagsstaða og erlendur uppruni móta upplifun þeirra af að tilheyra eða tilheyra ekki í skólaumhverfinu. Þá var markmið rannsóknar einnig að skoða hvaða áhrif samskipti við foreldra, áhættuhegðun og sjálfsmynd nemenda hefðu á ofangreint samband.

Niðurstöður sýna að almennt séð upplifa nemendur í íslenskum grunnskólum að þeir tilheyri í skólaumhverfinu og raunar aðeins lítill hópur, eða um 4%, sem upplifir það að tilheyra ekki. Upplifun nemenda af að tilheyra var mæld á 25 punkta svarkvarða og var meðaltal svarenda 23,9. Slæm fjárhagsstaða nemenda hafði mest neikvæð tengsl við tilfinningu þeirra af að tilheyra (meðaltal 17,4), því næst komu nemendur sem skilgreina sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju eða sem „annað“ (meðaltal 19,4), og að lokum sýndu gögnin að nemendur af erlendum uppruna eru líklegri en jafna-ldrar til að samsama sig síður skólasamfélaginu (meðaltal 22,4). Þá sýndu niðurstöður að samskipti við foreldra, áhættuhegðun og sjálfsmynd höfðu töluverð tengsl við ofangreind sambönd.

Þessar niðurstöður eru áþekkar fyrri niðurstöðum, bæði innlendum og erlendum sem benda til að ýmsir samverkandi þættir hafi áhrif á virka þátttöku nemenda og það hvernig þeir upplifa stöðu sína í skólasamfélaginu (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2019; Korpershoek o.fl., 2020). Rannsóknir sem snúa að félagslegri samsömun og tengslum nemenda við samnemendur sína og kennara hafa sýnt niðurstöður sem halla – bæði námslega og félagslega – á þann hóp sem hér virðist helst eiga undir högg að sækja (sjá t.d. OECD, 2019). Það kom rannsakendum þó að einhverju leyti á óvart að niðurstöður sýndu óverulegan mun á upplifun drengja og stúlkna af að tilheyra innan skólasamfélagsins, þar sem ýmsar rannsóknir sýna fram á kynjamun þegar kemur að líðan, velferð og félagslegum tengslum (Ás- laug Pálsdóttir o.fl., 2012; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2016) Vissulega má greina ákveðinn kynjamun þegar tiltekin tengsl eru skoðuð, til að mynda þá hefur sjálfsmynd stúlkna meiri áhrif á upplifun þeirra af að tilheyra innan skólans en á meðal drengja hefur áhættuhegðun meiri tengsl en sjálfsmynd þeirra við lakari samsömun innan skóla. Munur á milli drengja og stúlkna jafnast þó verulega út þegar að litið er til niðurstaðna í heild. Á hinn bóginn er mun líklegri að þau sem upplifa

síð ekki innan kynjatvíhyggju eigi félagslega erfitt uppdráttar innan skólans og samsami sig síður við samnemendur. Ungt kynsegin fólk stendur að ýmsu leyti höllum fæti, er líklegra en jafningjarnir til að hafa neikvæða sjálfsmýnd og finna til vanlíðunar vegna þrýstings frá jafningjahópi um kynvitund sína (Perry o.fl., 2019). Í ljósi íslenskra niðurstaðna frá Landlæknisembættinu (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2020) um kynsegin ungmenni sem eru líklegri en önnur ungmenni til að vera í slökum tengslum við vini sína eru þessar niðurstöður eindregin áminning um að gripið verði til aðgerða til að bæta stöðu þessa hóps ungmenna.

Niðurstöður sýna, líkt og fyrri rannsóknir, að greina má aukinn mun á stöðu og velferð ungmenna eftir félags- og efnahagsstöðu þeirra (Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2020; Kolbeinn H. Stefánsson, 2019; OECD, 2019). Skýrt samband reyndist vera á milli fjárhagsstöðu og upplifunar nemenda á að tilheyra. Þó að eingöngu 2,6% nemenda hafi metið fjárhag fjölskyldunnar sem slæman eða mjög slæman þá ber að hafa í huga að þessi rannsókn sýni, líkt og fyrri rannsóknir, að þeir nemendur sem tilheyra ýmsum öðrum jaðarhópum, eru til dæmis af erlendum uppruna, búa hjá einstæðu foreldri, eða upplifa sálíkamlega vanlíðan og heilsuleysi, búa oftast við fátækt en önnur börn (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2019; Kolbeinn H. Stefánsson, 2019; Pryor o.fl., 2019). Þeirra félagslegu áskoranir geta því verið víðtækar og kalla á sértæk viðbrögð skólasamfélagsins, ekki síst til að sporna við neikvæðum afleiðingum sem geta fylgt þessum einstaklingum inn í fullorðinsárin (Elgar o.fl., 2015).

Nemendur sem hafa erlendan bakgrunn skera sig verulega úr þegar litið er til hve vel þeir upplifa sig tilheyra innan skólasamfélagsins, og þá sérstaklega nemendur sem eiga báða foreldra erlenda. Hugsanlega er hér vísbending um það sem Korpershoek o.fl. (2020) benda á, að sú tilfinning að tilheyra tengist því hvernig nemendur upplifa að þeir séu persónulega samþykktir, virtir og studdir af öðrum úr hinu félagslega umhverfi skólans. Fyrri rannsóknir á stöðu ungmenna af erlendum uppruna í íslensku skólasamfélagi benda eindregið til þess að þau upplifi ýmsar félagslegar og menningarlegar hindranir sem hamli fullri aðild þeirra að samfélagi jafningja (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016; Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir, 2021). Þessi rannsókn sýni fram á, líkt og Borraccino o.fl. (2020), að það skipti ungmenni af erlendum uppruna miklu að unnið sé markvisst að því að efla félagslegt tengslanet þeirra við jafnaldra og skólasamfélagið í heild. Sé það ekki gert skapast aðstæður fyrir einangrun og aðskilnað frá samfélaginu með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum fyrir einstaklingana og samfélagið (Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir, 2021).

Rannsóknin sýndi að samskipti við foreldra, sjálfsmýnd og áhættuhegðun skýrðu að einhverju leyti sambandið á milli bakgrunnsþátta og þess að finnst maður tilheyra í skólaumhverfinu en sjaldnast þó allir þrjú þættirnir saman. Raunar var það aðeins á meðal nemenda sem áttu báða foreldra af erlendum uppruna að allir þrjú þættir skýrðu sambandið við áður nefnda upplifun. Samskipti við foreldra skýrðu minnst af samböndum á milli skýringarbreyta og þess að upplifa að tilheyra í skólaumhverfinu en hafði þó veruleg áhrif á stöðu þeirra nemenda sem áttu báða foreldra með erlendan bakgrunn og nokkur áhrif á stöðu þeirra sem skilgreindu sig sem kynsegin eða „annað“.

Ein meginniðurstaða þessarar rannsóknar er að það er samspil á milli ólíkra félagslegra og persónubundinna þátta sem hefur áhrif á hvernig ungmenni upplifa sig sem þátttakendur innan skólasamfélagsins, hvort þau telji sig tilheyra því samfélagi. Ef fallist er á þá kenningu að virkni og áhugi nemenda sé forsenda náms, þá er ástæða til að hafa áhyggjur af þeim hópi nemenda sem einhverra hluta vegna er jaðarsettur og tengist hvorki samnemendum né kennurum vel. Rannsóknin staðfestir að félags- og efnahagsstaða grunnskólanema hefur veruleg áhrif á samsömun og jaðarsetningu þeirra, sem endurspeglar hinn félagslega ójöfnuð sem finna má í íslensku samfélagi, líkt og í öðrum samfélögum hins vestræna heims.

## Hagnýtur lærdómur

Í ljósi þess að upplifun á að tilheyra eða tilheyra ekki í skólaumhverfinu getur haft ýmsar afleiðingar þá má færa rök fyrir að niðurstöðurnar veiti tilefni til inngrips og úrræða. Mikilvægt er að kennarar og annað fagfólk í skóla- og frístundastarfi hugi sérstaklega að börnum sem búa við aðstæður sem

falla undir einhverja af ofangreindum þáttum. Verkefni skólasamfélagsins er af þeim sökum að vinna markvisst að því að hver nemandi fái þau skilaboð að hann skipti aðra máli og að honum sé tekið á eigin forsendum. Kennarar gegna lykilhlutverki við að efla alhliða þroska nemenda, skapa félagslegt öryggi og jákvæða skólamenningu. Því er nauðsynlegt að auka áherslur í kennaramenntun á aðferðir til að efla samskiptahæfni, styrkja vináttutengsl og uppbyggjandi samfélag innan bekkja og námsheilda. Það er von höfunda að niðurstöður þessarar rannsóknar nýtist kennurum, kennaranemum og öðru fagfólki sem starfar með börnum og ungmennum í skóla- og frístundastarfi.

Niðurstöðurnar benda til þess að úrræði til að styrkja aðild allra nemenda að skólasamfélaginu ættu að beinast sérstaklega að jaðarhópum, s.s. kynsegin ungmennum, þeim sem búa við bágan fjárhag og börnum með erlendan bakgrunn. Niðurstöðurnar benda hins vegar einnig til þess að það þurfi að einhverju leyti ólík úrræði fyrir mismunandi hópa. Sem dæmi má nefna að úrræði fyrir nemendur sem búa við bágan fjárhag gætu snúist um að styrkja sambandið við foreldra og bæta sjálfsmynd nemenda en það væri markvissara að úrræði sem beindust að drengjum snerust um að styrkja samband þeirra við foreldra og að draga úr áhættuhegðun. Þá kann að vera að áhrifaríkasta inngripið í líf jaðarsettra nemenda sem ekki upplifa að tilheyra skólasamfélaginu sé að nýta aðferðir óformlegs náms og virkja fagfólk á vettvangi frístunda, s.s. tómsunda- og félagsmálafræðinga, innan skólans til að vinna markvisst með samskipti, félagstengsl, hópefli og virka þátttöku allra. Þannig má auka möguleika þessara nemenda á að taka þátt í samfélagi jafnaldra sinna á meiri jafningjagrundvelli sem getur haft jákvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra.

Þessi grein segir ekki til um hvaða úrræði gætu nýst mismunandi hópum. Það er því ljóst að frekari rannsókn er þörf en þessi grein gefur hins vegar vísbendingar um hvar sé best að byrja að leita að lausnum.

## Styrkleikar og veikleikar rannsóknar

Hátt svarhlutfall í rannsókninni rennir styrkum stöðum undir að niðurstöður endurspegli ágætlega upplifun íslenskra grunnskólanema á að tilheyra innan skólans. Það er rétt að áréttu að niðurstöður þessarar rannsóknar byggja á upplifun og mati nemenda og ekki var aflað gagna um viðhorf kennara eða annars starfsfólks skóla. Greinin varpar ljósi á að tiltekinn hópur grunnskólanemenda er í áhættu á jaðarsetningu innan skólasamfélagsins. Nánar þarf að greina hvaða leiðir eru færar fyrir kennara og annað fagfólk til að stuðla að virkri þátttöku allra innan skólasamfélagsins.

Margir samverkandi þættir hafa áhrif á félagslegan veruleika og upplifun einstaklinga. Þessi rannsókn beindist einkum að því að skoða hvernig kyn nemenda, uppruni þeirra og fjárhagsstaða mótaði samsömun þeirra við skólasamfélagið. Ekki var horft til fötlunar sem vitað er að getur hindrað þátttöku og aðgengi nemenda að skólasamfélaginu. Því er frekari rannsókn þörf til að skoða stöðu fatlaðra grunnskólanema sem og annarra jaðarhópa sem hér er ekki fjallað um.

### **Belonging in the school: Factors affecting the perception of primary school students**

Educational policy in Iceland emphasizes the importance of supporting and respecting student diversity and wellbeing. The aim of this article is to shed light on how social factors such as students' gender, immigrant background and financial status shape their experience of belonging or not belonging to the school community. Previous research on "belonging" indicates that students who have a strong feeling that they belong to the school community generally do better academically and have a stronger position than those who feel marginalized, for example in terms of interest in school, self-image, classroom behaviour and academic achievement but a negative experience is associated with, for example, school drop-out (Christenson and Reschly, 2010; Korpershoek et al., 2020; OECD, 2019). Those students who are less likely to experience belonging are at greater

risk of being exposed to negative social influences, and are more likely to have low self-esteem, and suffer from anxiety and depression (Allen et al., 2018; Gillen-O’Neel and Fuligni, 2013).

The aim of this article is to explore how gender, risk behaviour and financial status may connect to either belonging or not belonging to the school environment in the Icelandic context. The research questions are:

How does gender, immigrant background and financial status affect students’ perception of belonging within the school environment?

To which extent do relationships with parents, self-image and risk behaviour mediate the connection between the different background factors (gender, background and financial status) to students’ perception of belonging within the school environment?

This research is linked to Health Behaviour in School-Aged Children, a cross-national study carried out in collaboration with the World Health Organisation. The study was launched in 1983 and is conducted every four years. Iceland has participated since 2006.

The data used here is from an electronic survey carried out during the winter 2017–2018. The HBSC data collection covers three age cohorts; that is, children in years 6, 8 and 10. The headmasters of all compulsory schools in Iceland with children in the age groups indicated above were asked to facilitate the participation of their students. A total of 7,159 students participated in the study, yielding a 54% response rate. 3,540 boys participated, 3,498 girls and 118 students identified as nonbinary or “other”. This article analyses selected questions relating to the topic “to belong” in the school. A response scale to measure school belonging was developed from six items in the study, including the following: Other students accept me as I am, The teachers accept me as I am. The three main variables explored were gender, immigrant background, and financial status. Nevertheless, as the literature suggests, a number of social factors may explain school belonging; furthermore, this study analysed the mediating effects of communication with parents, risk behaviour and self-image on the identified relationships to school belonging.

The findings of this study show that students generally feel that they belong in the school environment and it is only a small group, approximately 4%, who perceive themselves as not belonging. Students who identified the financial status of their family as poor and students who identified nonbinary or “other” were more likely than their peers to experience less belonging to the school community. The overall findings do not show a significant difference between boys and girls. Poor financial status had the greatest mediating effect on how gender relates to students’ belonging in the school community, as boys were less affected by a poor financial situation. Risk behaviour was much more strongly associated with boys’ sense of belonging rather than that of girls, but girls’ poor self-esteem was more closely linked to their experience of not belonging. There was a strong synergy between having both parents born abroad and poor financial status. A strong self-image had a positive effect on the identification of students living in poor financial conditions.

One of the main conclusions of this research is that there is a complex interaction between social factors and young people’s self-assessment which influences how they see themselves as participants in the school community and whether they feel they belong in that community. There are grounds for being concerned about the group of students who have been marginalised, for one reason or another, and who do not feel that they belong within the peer community. The analysis shows that students’ social and economic situation significantly impacts their relationships with peers and teachers within the school, reflecting the social discrimination found in Iceland, as in other societies in the Western world.

The results indicate that action is needed to ensure everyone's access to the school community and specific attention should be paid to marginalized students. It is the responsibility of the school community to work untiringly at conveying the message to all students that they matter and that they are accepted on their own terms. Teachers have a key role in supporting students and creating a safe and positive school culture. The authors hope the results of this research will encourage teachers and other professionals who work with children to address issues requiring support for those who are less socially integrated.

**Key words:** belonging, primary students' experiences, school environment, social inclusion

### Um höfunda

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) er dósent og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í heimspeki 1997, MA-gráðu í menntunarfræðum 2001 og PhD-gráðu í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands árið 2012. Rannsóknarsvið hennar eru meðal annars skóla- og frístundastarf, formleg og óformleg menntun, virk þátttaka og sjónarhorn barna.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson er dósent í félagsfræði við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsprófi í félagsfræði frá Oxford-háskóla árið 2013. Rannsóknarsvið Kolbeins beinast einkum að félagslegri lagskiptingu, lífsgæðum og jöfnuði, fátækt barna og gagnreyndri stefnumótun.

Hermína Gunnþórsdóttir (hermina@hi.is/hermina@unak.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún hefur starfað við leik-, grunn- og framhaldsskóla og lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands 2014. Helstu viðfangsefni hennar í kennslu og rannsóknum tengjast félagslegu réttlæti í menntun, skóla og námi án aðgreiningar, fjölmenningu og menntun, fótunarfræði, menntastefnu og framkvæmd.

### About the authors

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) is an associate professor and dean of the School of Education at the University of Iceland. She completed a BA degree in philosophy in 1997, an MA in education in 2001 and a PhD in education from the University of Iceland in 2012. Her research areas include leisure centers, formal and informal education, active participation and young people's perspectives.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson is an associate professor in sociology at the University of Iceland, department of social work. He graduated with a PhD in sociology from Oxford University in 2014. His research fields include social inequality, welfare and equity, children's poverty and informed policy making.

Hermína Gunnþórsdóttir (hermina@hi.is/hermina@unak.is) is a professor at the University of Iceland and University of Akureyri. She holds a PhD from the University of Iceland (2014). She has worked at kindergarten, primary and secondary schools. Her teaching and research interests relate to social justice in education, inclusive school and education, multiculturalism and education, disability studies, educational policy and practice.



## Heimildir

Allen, K., Kern, M. L., Vella-Brodrick, D., Hattie, J. og Waters, L. (2018). What schools need to know about fostering school belonging: A meta-analysis. *Educational Psychological Review*, 30(1), 1–34. <https://doi.org/10.1007/s10648-016-9389-8>

Allen, K., Vella-Brodrick, D. og Waters, L. (2017). School belonging and the role of social and emotional competencies in fostering an adolescent's sense of connectedness to their school. Í E. Frydenberg, A. J. Martin og R. J. Collie (ritstjórar), *Social and emotional learning in Australia and the Asia-Pacific: Perspectives, programs and approaches* (bls. 83–99). Springer.

Ársæll Már Arnarsson, Guðmundur T. Heimisson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2019). Líðan í skóla og námsárangur: Niðurstöður úr rannsókninni Heilsa og líðan skólabarna (HBSC). *Glæður*, 29(1), 15–20.

Ársæll Már Arnarsson, Sigrún Danielsdóttir og Rafn Magnús Jónsson. (2020). *Félagstengsl íslenskra barna og ungmenna*. [https://www.landlaeknir.is/servelet/file/store93/item41614/F%C3%A9lags-tengsl%20barna%20og%20ungmenna\\_LOK.pdf](https://www.landlaeknir.is/servelet/file/store93/item41614/F%C3%A9lags-tengsl%20barna%20og%20ungmenna_LOK.pdf)

Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2020). Félagsleg staða og áfengisneysla unglinga 1999 og 2019: Niðurstöður úr rannsókninni Heilsa og líðan skólabarna (HBSC). *Glæður*, 30(1), 38–43.

Áslaug Pálsdóttir, Bryndís B. Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2012). Gender difference in well-being during school lessons among 10 to 12 year old children: The effects of school, family and peer related factors. *Scandinavian Journal of Public Health*, 40(7), 605–613. <https://doi.org/10.1177/1403494812458846>

Banks, J. A. (2020). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education: Issues and perspectives* (10. útgáfa, bls. 3–25). Wiley.

Borraccino, A., Berchiolla, P., Dalmasso, P., Sciannone, V., Vieno, A., Lazzeri, G., Charrier, L. og Lemma, P. (2020). Connectedness as a protective factor in immigrant youth: Results from the Health Behaviours in School-aged Children (HBSC) Italian study. *International Journal of Public Health*, 65(3), 303–312. <https://doi.org/10.1007/s00038-020-01355-w>

Christenson, S. L. og Reschly, A. L. (2010). Check & connect: Enhancing school completion through student engagement. Í B. Doll, W. Pfohl og J. Yoon (ritstjórar), *Handbook of youth prevention science* (bls. 327–348). Routledge.

Damon, W. (2008). *The path to purpose: How young people find their calling in life*. Free Press.

Elgar, F. J., Pfortner, T.-K., Moor, I., De Clercq, B., Stevens, G. W. J. M. og Currie, C. (2015). Socioeconomic inequalities in adolescent health 2002–2010: A time-series analysis of 34 countries participating in the Health Behaviour in School-aged Children study. *The Lancet*, 385(9982), 2088–2095. [https://doi.org/10.1016/S0140-6736\(14\)61460-4](https://doi.org/10.1016/S0140-6736(14)61460-4)

Epstein, J. L. (2011). *School, family, and community partnerships: Preparing educators and improving schools* (2. útgáfa). Westview Press.

Gillen-O'Neel, C. og Fuligni, A. (2013). A longitudinal study of school belonging and academic motivation across high school. *Child Development*, 84(2), 678–692. <https://doi.org/10.1111/j.1467-8624.2012.01862.x>

Goodenow, K. og Grady, K. E. (1993). The relationship of school belonging and friends' values to academic motivation among urban adolescent students. *The Journal of Experimental Education*, 62(1), 60–71. <https://doi.org/10.1080/00220973.1993.9943831>

Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Erlendir ríkisborgarar 1950–2019. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_3\\_bakgrunnur\\_\\_Rikisfang/MAN04001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7960f499-7feb-4103-9337-12f024449320](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7960f499-7feb-4103-9337-12f024449320)

Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Mannfjöldi eftir menntunarstöðu samkvæmt ISCED 2011 2003–2020, hlutfallsleg skipting. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_5\\_menntunarstada/SKO00002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ffc9fa64-0b31-47f5-b72f-4d3091b58ffd](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__5_menntunarstada/SKO00002.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ffc9fa64-0b31-47f5-b72f-4d3091b58ffd)

Hanna Ragnarsdóttir og Friða B. Jónsdóttir. (2016). Aðgengi tví- og fjöltyngdra barna að menntun á Íslandi. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 157–184). Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar.

HBSC. (e.d.). Health Behaviour in School-Aged-Children. <http://www.hbsc.org/>

Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir. (2021). Þegar enginn er á móti er erfitt að veða salt: Reynsla nemenda af erlendum uppruna af íslenskum grunnskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 30(1), 51–70. <https://doi.org/10.24270/tuom.2021.30.3>

Jóhanna Einarisdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 29(2), 113–131. <https://doi.org/10.24270/tuom.2020.29.6>

Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2009). Relative deprivation and adolescent outcomes in Iceland: A multilevel-test. *Social Forces*, 87(3), 1223–1250. <https://doi.org/10.1353/sof.0.0177>

Kolbeinn H. Stefánsson. (2019). *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004–2016: Skýrsla unnin fyrir Velferðarvaktina*. EDDA öndvegissetur.

Kolbrún Þ. Páldóttir. (2016). Hin hugsandi sjálfsvera: Formlegt og óformlegt nám skoðað í ljósi heimspeki Páls Skúlasonar. *Sérrit Netlu 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki*. [https://netla.hi.is/serrit/2016/menntun\\_mannvit\\_og\\_margbreytileiki\\_greinar\\_fra\\_menntakvikun/009.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2016/menntun_mannvit_og_margbreytileiki_greinar_fra_menntakvikun/009.pdf)

Korpershoek, H., Canrinus, E. T., Fokkens-Bruinsma, M. og de Boer, H. (2020). The relationships between school belonging and students' motivational, social-emotional, behavioural, and academic outcomes in secondary education: A meta-analytic review. *Research Papers in Education*, 35(6), 641–680. <https://doi.org/10.1080/02671522.2019.1615116>

Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson. (2018). Margbreytileiki brotthvarfsmemnda. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.11>

Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2009). Parenting practices and school dropout: A longitudinal study. *Family Therapy*, 36(3), 125–145.

Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2014). Parenting in relation to school dropout through student engagement: A longitudinal study. *Journal of Marriage and Family*, 76(4), 778–795. <https://doi.org/10.1111/jomf.12125>

Laufey Dís Ragnarsdóttir, Álfgeir L. Kristjánsson, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Allegrante, J. P., Heiðdís Valdimarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2017). Cumulative risk over the early life course and its relation to academic achievement in childhood and early adolescence. *Preventive Medicine*, 96, 36–41. <https://doi.org/10.1016/j.ypmed.2016.12.019>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Main, G. og Bradshaw, J. (2016). Child poverty in the UK: Measures, prevalence and intrahousehold sharing. *Critical Social Policy*, 36(1), 36–81. <https://doi.org/10.1177/0261018315602627>

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Erla María Tölgyes, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2016). *Ungt fólk 2016: Grunn-skólar: Nám og skóli, félags- og tómstundastarf, íþróttir og breyting, foreldrar og uppeldi, heilsa og líðan, atvinnuþátttaka og fjárhagur fjölskyldunnar og vinnuefnanotkun ungmenna í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi: Samanburður rannsókna árin 2000 til 2016: Staða og þróun yfir tíma*. Rannsóknir og greining.

Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: Creating multicultural learning communities* (10. útgáfa). Teachers College Press.

OECD. (2019). *PISA 2018 results (Volume III): What school life means for students' lives*. <https://doi.org/10.1787/acd78851-en>

Páll Skúlason. (2015). *Merking og tilgangur*. Háskólaútgáfan.

Perry, D. G., Pauletti, R. E. og Cooper, P. J. (2019). Gender identity in childhood: A review of the literature. *International Journal of Behavioral Development*, 43(4), 289–304. <https://doi.org/10.1177/0165025418811129>

Pryor, L., Strandberg-Larsen, K., Andersen, A.-M. N., Rod, N. H. og Melchior, M. (2019). Trajectories of family poverty and children's mental health: Results from the Danish national birth cohort. *Social Science & Medicine*, 220, 371–378. <https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2018.10.023>

Ridge, T. (2002). *Childhood poverty and social exclusion: From a child's perspective*. The Policy Press.

Ridge, T. (2009). *Living with poverty: A review of the literature on children's and families' experiences of poverty*. Department for Work and Pensions.

Ridge, T. (2011). The everyday costs of poverty in childhood: A review of qualitative research exploring the lives and experiences of low-income children in the UK. *Children & Society*, 25(1), 73–84. <https://doi.org/10.1111/j.1099-0860.2010.00345.x>

Uslu, F. og Gizir, S. (2017). School belonging of adolescents: The role of teacher-student relationships, peer relationships and family involvement. *Educational Sciences: Theory & Practice*, 17(1), 63–82. <https://doi.org/10.12738/estp.2017.1.0104>

Þingskjal nr. 1111/2020–2021. Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030. <https://www.althingi.is/altext/151/s/1111.html>



Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2021).

Að tilheyrir í skólanum: Áhrifaþættir á upplifun grunnskólanema.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2021 – HBSC og ESPAD rannsóknirnar

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2021/HBSC\\_ESPAD\\_rannsoknit/06.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2021/HBSC_ESPAD_rannsoknit/06.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.10>